

### Egill Ólafsson formaður Samtaka um tónlistarhús skrifar

## Það vorar í málefnum tónlistarhúss

“Senn fer vorið á vængjum yfir flóann” og ekki laust við að horft sé bjartsýnum augum fram á við. Loks sjáum við hylla undir að langþráð tónlistarhús rísi á Austurbakka Reykjavíkurhafnar. Allt bendir til þess að húsið opni árið 2009. Nýlega var stofnað til samráðshóps sem starfar í tengslum við Stjórn Austurhafnar-TR ehf og situr undir ritadur í ráðinu fyrir hönd SUT ásamt með fulltrúum frá Sinfóníuhljómsveit Íslands, Ferðamálaráði Íslands, Flugleiðum, Listahátíð í Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit Íslands ofl. en fyrir ráðinu fer Stefán Hermannsson framkvæmdastjóri Austurhafnar TR ehf.

Nú má segja að opinberir aðilar hafi loksins látið til skarar skriða og er það gleðiefni á meðan fram heldur. Ánægjulegt er sömuleiðis, að margir aðilar sem væntanlega koma til með að vinna beint og óbeint í tónlistarhúsinu eru nú í sambandi við stjórnvöld og bandaríska hljóðhönnuði hússins frá Artec. Þetta hefur gerst fyrir tilstuðlan Stefáns Hermannssonar og samráðshópsins. Þetta þýðir að margar ágætar hugmyndir og ábendingar þessa mikilvæga fólks hafa þegar litið dagsljósið. Þeir sem hér um ræðir eru; tæknifólk varðandi hljóð og ljós, lagnafólk varðandi nauðsynlegar lagnir ljósleiðara og annars sem viðkemur tækjabúnaði hússins, tónleika- og ráðstefnuhaldarar svo og þeir sem þurfa að koma tólum og tækjum í og úr byggingunni, Listahátíð í Reykjavík, fagfélög tónlistarmanna og tónskálda, fulltrúar frá Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslensku óperunni og síðast en ekki síst tónlistarfólk úr öllum helstu greinum tónlistar svo eitthvað sé talið. Það er mikilvægt að hlustað sé á bendingar frá þessum aðilum, því allt verður það til þess að við fáum gott og nothæft hús.

Að mati undirritaðs er nú þegar tímabært að huga að rekstrarfyrirkomulagi hússins, þeir sem þekkja til, telja að hefja þurfi markaðssetningu og planlagningu fyrir komandi rekstur eigi síðar en þremur árum fyrir opnun. Öll sjáum við fyrir, að hið fullkomna tón-

listarhús megi nú loks rísa í Reykjavík. Hús þar sem allar greinar tónlistar fá notið sín við réttar og góðar aðstæður. En rétt er að gæta hófs, einhversstaðar dregur hið opinbera markalínu, þegar kemur að kostnaði og framkvæmdum og því er rétt að halda sig við jörðina hvað varðar væntingar og óskir. Von mín er engu að síður að stjórnvöld og þeir sem koma að fjármögnun byggingarinnar, skilji þýðingu þess að byggt verði veglegt og gott hús fyrir tónlistina um alla framtíð. Allt of lengi hefur tónlistin verið utan-garðs í þessum efnun.

Íslenskir tónlistarmenn hafa engu að síður átt hvað drýgstan þátt í því að beina athygli að land og þjóð og allt verið á einn veg þar. Ef lánast að byggja gott tónlistarhús verður hagar okkar af því aldrei verðlagður með nokkrum hætti. Sá hagar verður allur í stjarnfræðilegum stærðum í því enta veldi sem hugar og andi rúmar.



Egill Ólafsson formaður Samtaka um tónlistarhús

Við horfum nú fram á veginn, gerum það sem í okkar valdi stendur til að koma góðu til leiðar og

vonum að almenningur og stjórnvöld fylgi okkur þar.

Þreyjum nú þorra og góu og sjáum hvað sumarsólin boðar.

Egill Ólafsson,

Formaður SUT

## Aðalfundur SUT

verður haldinn

26. maí 2004 kl. 17:00

í sal FÍH, Rauðagerði 27.

**Dagskrá:**

**Venjuleg aðalfundarstörf**

**Stjórnin**

**Stefán Hermannsson framkvæmdastjóri Austurhafnar skrifar****Staða tónlistarhússins**

Ríki og borg gerðu eins og kunnugt er með sér samkomulag í apríl 2002 um að leggjast á eitt í málefnum tónlistarhúss og var fyrirtækið Austurhöfn-TR ehf. stofnað í apríl 2003 til að vinna að framgangi málsins. Stjórn fyrirtækisins tók til starfa í maí og hefur þegar þetta er skrifað haldið 20 fundi. Hóf undirritaður störf sem framkvæmdarstjóri þess í ágúst.

Mikið vinna fór í skipulagsmál á þessum fyrstu mánuðum og er sú umræða nú komin út í þjóðfélagið, sem er eins og best verður á kosið. Hugmyndir að miklum skipulagsbreytingum hafa verið kynntar og hlotið bæði mjög góðan hljómgrunn sem og einnig gagnrýni. Þessar hugmyndir má kynna sér á nýlega opnaðri heimasíðu Austurhafnar-TR, <http://www.austurhofn.is>.

Sérstök sérfræðiþjónusta vegna tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar var boðin út í haust; 5 tilboð bárust og lauk valinu í desember. Bandaríska ráðgjafafyrirtækið Artec varð fyrir valinu. Artec tekur ábyrgð á ýmsum þáttum tónlistarhússins og ráðstefnumiðstöðvarinnar, ekki síst hljómburði. Þeir eru ekki arkitektar byggingarinnar en munu vinna í nánú samstarfi við þá arkitekta sem koma að henni. Fyrirtækið vinnur þarfagreiningu, áætlanir um rekstur, það mun gera tillögu um stærð og gerð húsnæðis, skilgreina nauðsynlegan búnað og gæði hans og eiginleika, bera ábyrgð á hljómburði og hafa eftirlit með allri hönnun með það að markmiði að gæðakröfum verði fullnægt. Artec menn komu til landsins í janúar síðastliðnum og áttu í viðræðum við ýmsa af þeim sem koma til með að nota tónlistarhúsið í framtíðinni. Þetta voru meðlimir samráðshóps sem settur var á laggirnar í desember 2003 til að vera stjórn Austurhafnar-TR til ráðgjafar sem og aðilar af lista tengiliða sem samráðshópnum er til aðstoðar. Í samráðshópnum eru Ársæll Harðarson, Egill Ólafsson, Jón Karl Ólafsson, Þórunn Sigurðardóttir og Þröstur Ólafsson og eru meðlimir hans valdir að höfðu samráði við Ráðstefnuskrifstofu Íslands, Samtök um tónlistarhús, Samtök ferðaþjónustunnar, Listahátíð í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Artec menn létu mjög vel af fundunum og komu fram ýmis sjónarmið sem þeir munu taka til greina

í starfi sínu.

Ýmsir aðilar úr einkageiranum hafa sýnt verkefninu áhuga. Á tímabili leit úr fyrir að ekki væri áhugi á hótelpætti verkefnisins hjá alþjóðlegum hótellekjum en svo tók kynningarstarf Austurhafnar á þessu sviði, með aðstoð *Hospitality Consulting International* í London, að bera árangur og komu þrír aðilar frá virtum alþjóðlegum hótellekjum í heimsókn til landsins í febrúar til þess að kynna sér verkefnið. Þá hafa tveir hópar íslenskra fjárfesta sýnt verkefninu áhuga og er það vel. Engu að síður er skylt að bjóða verkefni af þessari stærðargráðu út á evrópska efnahagssvæðinu. Forval um sérleyfissamning var auglýst í apríl og munu þeir sem valdir verða gera tilboð síðar á þessu ári. Þá verður Artec búið að leggja línurnar fyrir tónlistarhúsið og ráðstefnumiðstöðina.

Verkefnið er semsé á góðum rekspöl og má segja að með ráðningu Artec hafi verið stigið mjög mikilvægt skref til að tryggja hljómburð og önnur gæði hússins.

**Opin fundur um málefni tónlistarhúss**

Fundur um málefni tónlistarhúss verður haldin í húsnæði Íslensku óperunnar mánudaginn 17. maí n.k. kl. 20:00.

Stefán Hermannsson framkvæmdastjóri Austurhafnar tr-ehf kynnir stöðu mála varðandi byggingu tónlistarhúss í Reykjavík og hugmyndir sem fram hafa komið.

Á mælendaskrá eru meðal annarra Björn Th. Árnason frá Félagi íslenskra hljómlistarmanna, Margrét Bóasdóttir frá Félagi íslenskra tónlistarmanna, Bjarni Daníelsson frá Íslensku óperunni.

**Minningarkort Samtaka um tónlistarhús**

Samtök um tónlistarhús hafa um árabíl sent minningarkort fyrir þá sem að þess hafa óskað. Við hvetjum fólk eindregið til þess að minnast látinna ástvina og styrkja um leið byggingu tónlistarhúss í Reykjavík. Móttaka skeyta er á skrifstofu samtakanna í síma 553-9277 milli kl. 09:00 - 17:00.

## Arfur Frú Ruthar Hermanns fiðluleikara í Sinfóníuhljóm- sveit Íslands til tónlistarhússins



Frú Ruth Hermanns fiðluleikari

Eins og félagsmenn í Samtökum um tónlistarhús rekur minni til kom fram í fréttabréfi Samtaka um tónlistarhús 1997 að frú Ruth Hermanns fyrrverandi fiðluleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands hefði arfleitt tónlistarhúsið öllum eigum sínum.

Fljótlega eftir andlát frú Ruthar var fjármunum komið í fjárvörslu hjá Íslandsbanka og nema eignir dánarbúsins nú tæpum 20 milljónum króna. Eignir dánarbúsins eru í umsjón skiptastjóra þangað til þeim verður skilað til tónlistarhússins þegar það hefur risið. Góð samvinna er á milli skiptastjóra búsins og stjórnar samtakanna sem mun fylgjast með því að óskir frú Ruthar verði uppfylltar.

Sigurgeir Sigmundsson

## Byggjum til framtíðar

Frá árinu 1995 hef ég haft með málefni Samtaka um tónlistarhús að gera. Á þeim tíma hefur umræðan um tónlistarhús tekið ýmsar stefnur og á stundum hefur maður verið vonlítill um árangur. Öðru hvoru hefur þó verið tækifæri til þess að fagna en jafnvel á þeim stundum hefur gleðin verið lævi blandin og ekki allir á eitt sáttir um árangurinn. Nú eftir margra ára baráttu Samtaka um tónlistarhús virðist vera að nást sátt um gerð, byggingu og rekstur tónlistarhúss í Reykjavík. Ennfremur sjá margir sóknarmöguleika í þeim byggingum og mannvirkjum sem fyrirhugað er að reisa í nágrenni og í tengslum við tónlistarhúsið. Umræðan hefur loksins tekið þá skynsamlegu stefnu að tónlistarhúsið verði útgangspunkturinn og önnur starfsemi taki mið af starfsemi þess, enda sækir 300-400 þús. gestir 1.800 tónleika hérlendis árlega. Reynolds annarra þjóða hefur verið sú að tónleikasókn hafi aukist um 10-25% með byggingu tónlistarhúsa. Það eru því miklir möguleikar sem felast í rekstri menningarstofnanna og þjónustufyrirtækja í nágrenni tónlistarhúss, t.d. ráðstefnuhallar og hótels. Ný skýrsla Dr. Ágústis Einarssonar prófessors við Háskóla Íslands gefur til kynna að með réttum stuðningi eigi iðkun tónlistar og tónleikasókn eftir að aukast verulega á næstu árum. Því má stærð tónlistarhúss ekki taka mið

af tónleikasókn dagsins í dag heldur verður að horfa til framtíðar.

Stjórn Austurhafnar TR-ehf hefur tekið þá skynsamlegu stefnu að kalla eftir álit og samráði við hljómlistarmenn og væntanlega notendur hússins, enda ljóst að líklega verður annað tónlistarhús ekki byggt næstu 100 árin. Sú stefna mun örugglega skila sér í rétttri stærð tónlistarhúss og betra tónlistarhúsi sem hámarkar ánægju þeirra sem það nota og njóta.

Sigurgeir Sigmundsson

## Stólasalan í tónlistarhúsið 1988

Á árunum 1988-1989 fór fram svokölluð stólasala í tónlistarhús. Var fyrirtækjum og einstaklingum boðið að styrkja byggingu tónlistarhúss með því að kaupa stól eða stóla í tónlistarhúsinu. Alls var um 34 stóla að ræða sem voru seldir til eftirfarandi fyrirtækja og einstaklinga. Ármannsfell, Dagblaðið/Vísir, Félag íslenskra stórkaupmanna, Félag íslenskra hljómlistarmanna, Stef, Hljómsveit Magnúsar Kjartanssonar, Margrét Guðmundsdóttir, Skífan hf, Íslenskir aðalverktakar, Prentsmiðjan Oddi, Borgarvirki hf, Gunnar Guðjónsson, Birgir og Anna Einarsson og Eiríkur Sæmundsson.

Samið hefur verið við stjórn Austurhafnar TR-ehf um að reistur verði skjöldur í anddyri tónlistarhússins með nöfnum ofangreindra aðila til minningar um framlag þeirra til tónlistarhússins.

## Velta íslensks tónlistariðnaðar 6 milljarðar og framlag hans til landsframleiðslu 1%

Á stefnumótunarráðstefnu Samtóns sem haldin var í Sal FÍH mánudaginn 3. maí s.l. hélt Dr. Ágúst Einarsson prófessor við Hagfræði- og Viðskiptadeild Háskóla fyrirlestur um hagræn áhrif tónlistariðnaðarins á íslenskt hagkerfi. Niðurstaða hans er að Íslenskur tónlistariðnaður er öflug atvinnugrein og getur borið höfuðið mjög hátt.

Miðað við vöxt tónlistariðnaðarins, annarra skapandi atvinnugreina í nálægum löndum og öflugan stuðning og skilning á stöðu tónlistariðnaðarins er líklegt að um 1.500 manns muni vinna í tónlistariðnaði innan 5 ára og framlag til landsframleiðslunnar verði um 1,2%. Tónlistin hefur því mikla hagræna þýðingu.

Tónlistin skilar miklu til landsframleiðslunnar og hefur jákvæð hagræn áhrif á fjölda atvinnugreina. Auk þess veitir tónlistin mikla ánægju sem er ekki mæld í hagtölum.

Þetta er í fyrsta sinn sem heildar - hagræn úttekt er gerð á íslenskum tónlistariðnaði og áhrifum tónlistarinnar á hagkerfið og því eru þetta merkileg tímamót í íslensku tónlistarlífi.

Um 10% af einkaneyslu landsmanna er varið til menningar eða 43 milljörðum. Til tónlistar er varið um 6 milljörðum og starfa í tónlistariðnaði 1.200 manns í heilsársstörfum. Tónlistin vegur um 1% af landsframleiðslunni.


Mikil óbein áhrif eru vegna tónlistar í öðrum atvinnugreinum og sömuleiðis eru áhrif tónlistar vegna forvarna í vímu-efnum.

Um 3.000 þúsund manns eru í kórum hérlendis en tiltölulegar fátt fólk er þar í föstum stöðum. Mikil efnahagsleg umsvif eru vegna kóra, t.d. ferðalög, neysla og tónleikar.

Það er von tónlistarmanna að skýrsla Dr. Ágúst Einarssonar eigi eftir að opna augu ráðamanna fyrir mikilvægi og gildi tónlistarinnar og tónlistaruppeldis fyrir þjóðarbúið.

Hann benti ennfremur á bág vaxtarskilyrði tónlistarinnar þar sem enn væri ekki komið tónlistarhúsi og gott húsnæði fyrir starfsemi Íslensku óperunnar.

Samantekið með leyfi Ágúst Einarssonar af Sigurgeiri Sigmundssyni en fyrirlestur Dr. Ágúst er í heild sinni á heimasíðu Félags íslenskra hljómlistarmanna [www.fih.is](http://www.fih.is).



Myndin sýnir hlutfallslegt framlag atvinnuvega til landsframleiðslu 2003. Heildarframlag menningar til landsframleiðslu er 4% þ.a. Er hlutur tónlistar af landsframleiðslu 1% sem er svipað og framlag landbúnaðarins og stóriðju í ál og kísiljám.

### Guðmundur W. Vilhjálmsson fulltrúi Kammermúsikkúbbsins í stjórn SUT skrifar

## Nú trúi ég að úr verði

Land framundan, var hrópað í stafni og fyrirheitnu orðin bárust loks til hins fifldjarfa landkönnuðar eftir mánaða siglingu og oftast í þéttri grárrí þoku og smátt og smátt hafði syrt í sálum kappans og áhafnar hans. Oft hugði hann til umsnúnings og heimferðar: Uppgjafar.

En svo skein sól á heiðum himni og nærði djörfung þessara manna. Og loks: Land framundan.

Lík er saga okkar sem fyrir rúmum 20 árum gerðumst stofnfélagar í Samtökum um Tónlistarhús að loknum sífóníutónleikum 1983 í Háskólabíói fullvissir um að þegar okkar ágæta sífóníuhljómsveit losnaði úr viðjum hljómflytningstregðu í þessu skelfilega óheppilega kvikmyndahúsi og flytti okkur tóna sína í sæmandi tónlistarhúsi myndi þetta ágæti hennar opinberast að fullu. Á löngum ferli hafa margir horfið yfir móðuna miklu með þennan ljúfa draum eftir að hafa dyggilega lagt hönd á plóginn til að gera hann að veruleika.

Loks trúum við því að úr verði. Fyrir þér er einn dagur sem þúsund ár og þúsund ár dagur, ei meir.

Þessi tímakvarði hefur oft ruglað okkur í menningarmálum, en höfum biðlund. Nú verður markinu náð eftir örfá mannleg ár, tæplega tvö þúsund daga.

Eftir tæplega tvö þúsund daga munum við heyra okkar stórkostlegu sífóníuhljómsveit eins og hún raunverulega er þegar hinar ýmsu hljóðfæradeildir hennar heyra hver til annarar eins og gerist þegar einstaklingar leika kammertónlist. Kannski mun þeim bregða eins og áheyrendum.

Við munum heyra kammertónlist við bestu aðstæður og flækingsi ýmissa smærri tónlistarhópa í Reykjavík mun ljúka.

Hver kynslóð á sína popptónlist og hún mun hljóma í þessu húsi í báðum tónlistarsölunum. Mín popptónlist var hinn upprunalegi djass og vonandi á ég eftir að heyra hann í þessu húsi tónlistarinnar. Nú höfum við loksins komið framkvæmdaáætlun af tímakvarða sálmaskáldsins á þann kvarða sem lífshlaup manna mælist á.

Nú treystum við því að eftir tæplega tvö þúsund daga munum við opna glæsilegt tónlistarhús sem vonandi verður jafnframt listaverk hið ytra, öllum til sóma. Þá munu erlendir tónsnillingar ekki framar segja: Vinur, hví dregurðu mig inn í þetta skelfilega hús.